



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIMSÓKN DAVIDS MILIBANDS

FYRIRLESTUR OPINN ALMENNINGI VIÐRÆÐUR UM HREINA ORKU OG SJÁVARÚTVEG

David Miliband, fyrrum utanríkisráðherra Bretlands, heimsækir Ísland í þessari viku í boði forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar en þeir voru fyrr á þessu ári meðal ræðumanna á Heimsþingi um höfin sem vikuritið *The Economist* efndi til í Singapore.

David Miliband er meðal þekktustu stjórnámálaleiðtoga sinnar kynslóðar og var utanríkisráðherra og umhverfisráðherra í ríkisstjórn Tony Blair og um árabil áhrifamaður í stefnumótun flokksins.

Hann flytur fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands miðvikudaginn 26. september kl. 12:00. Fyrirlesturinn, sem ber heitið *The Future of Europe: Economics, Politics and Identity* (Framtíð Evrópu — efnahagslíf, stjórnámál og sjálfsmynd), er opinn öllum almenningi og er hann liður í fyrirlestraröðinni Nýir straumar sem forseti Íslands stofnaði til fyrir nokkrum árum. Fyrirlesturinn er haldinn í samvinnu við Háskóla Íslands.

David Miliband mun einnig eiga fundi með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, Steingrími J. Sigfússyni, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, og Máu Guðmundssyni seðlabankastjóra, snæða kvöldverð á Bessastöðum með hópi alþingismanna og eiga viðræður við íslenska sérfræðinga og vísindamenn. Hann mun kynna sér nýtingu hreinnar orku með heimsóknum í Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, Svartsengi, Bláa lónið, Haustak, Hellisheiðarvirkjun og fleiri staði. Þá

mun Miliband einnig kynna sér nýtingu Íslendinga á auðlindum hafsins og eftirlit með veiðum með heimsóknum til Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskistofu og hugbúnaðarfyrtækisins Trackwell.

David Miliband er stjórnmálafræðingur að mennt og nam m.a. í Oxford og við MIT í Boston. Hann var kjörinn á breska þingið árið 2001 og varð ráðherra skólamála ári síðar. Árið 2006 varð hann umhverfisráðherra og 2007 utanríkisráðherra, þá aðeins 41 árs gamall. Miliband hefur látið til sín taka í umræðum um loftslagsbreytingar og hvetur til alþjóðlegs samstarfs um umhverfisvernd, málefni hafsins og orkumál. Hann hefur sent frá sér margvíslegar ritsmíðar.

24. september 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).